



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Heiðarborg

2024 – 2025



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024	5
2.1 Innra mat.....	5
2.2 Ytra mat.....	6
3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.....	6
4 Innra mat deilda 2023-2024	7
4.1 Laut	7
4.2 Bali.....	9
4.3 Lundur	10
4.4 Brekka	16
5 Innra mat sérkennslu.....	18
5.1 Mat á sérkennslu 2023-2024	18
5.2 Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025	19
5.3 Umbótaáætlun –fjöiltyngi 2024-2025.....	21
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	22
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	23
8 Foreldrasamvinna.....	24
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal.....	24
10 Fylgiskjöl	27
10.1 Umbótaáætlun deilda 2024-2025	27
10.2 Umsögn foreldraráðs.....	30





Leiðarljós leikskólans



Vináttu er mjög mikilvæg í leikskólanum. Að finna fyrir vinarþeli og að fá að njóta styrkleika sinna.

Gleði á alltaf að vera leiðarljós í leik og vinnu með börnum því þannig dafna börnin best.

Virðing fyrir öðrum er grundvöllur þess að öllum líði vel og lífið sé sem mest laust við árekstra.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Starfsemi Heiðarborgar gekk vonum frammar á síðasta starfsári. Við vorum vel búin af frábæru starfsfólki þó auðvitað kæmu tímabil mikilla fjarveru, eins og gengur, svo senda þurfti börn heim. Nýr aðstoðarleikskólastjóri tók til starfa í lok sumars sem er mikill styrkur fyrir skólann og hefur viðkomandi haft heilmikil og góð áhrif enda um drífandi og kröftugan einstakling að ræða.



Í desember fengum við dásamlega gjöf þegar 20m² bambahúsi var komið fyrir á lóðinni okkar. Húsið er með blárri hurð í stíl við leikskólann en það voru börnin á Laut og Bala sem kusu litinn út frá barbapapafjölskyldunni þar sem Barbasnjall (sem er blár) vann sigur úr bítum. Húsið mun nýtast vel við ýmsar athafnir en ekki síst hvað umhverfismennt varðar. Þarna munum við rækta eitt og annað sem okkur dettur í hug, þá má gera könnun á því

hvað eyðist í umhverfinu og hvað ekki, eiga notalega samverustundir í húsinu og svo margt margt fleira.

Í vetur fór af stað samstarf leikskólanna Heiðarborgar og Rofaborgar við Árbæjarskóla þar sem nemendum í 9. og 10. bekk gefst kostur á að velja leikskólastarf í valáfanga og mæta þá einu sinni í viku í 90 mínútur í senn í leikskólann. Verkefnið gekk vel og nemendurnir margir hverjir mjög áhugasamir og duglegir. Hver veit nema hér séu leikskólakennarar framtíðarinnar að fæðast.





Í könnun sem gerð var á meðal foreldra fyrir ári síðan kom fram að þeir myndu kjósa að hafa viðburði í skólanum, þar sem foreldrum væri boðið, skipulagða þannig að ekki væri eins mikil þrengsli í húsinu. Með þetta í huga fórum við að bjóða foreldrum að koma eftir deildum þar sem foreldrar einnar deildar kæmu í einu eða tvær og tvær saman. Þannig skapaðist meira pláss fyrir alla, erillinn varð minni, meiri ró yfir öllu svo allir gátu notið sín. Foreldrarnir í Heiðarborg eru afar samstarfsfúsir og áhugasamir og mæting þeirra á viðburði skólans einstaklega góð, þeir eiga svo sannarlega hrós skilið.

Á vormánuðunum tókst okkur loksins að fara í námskeiðs- og kynnisferð til Ítalíu eins og til hefur staðið allt frá árinu 2020 en aldrei tekist. Ferðin var farin um miðjan maí og tókst ljómandi vel. Reggio emilia leikskólinn Clorofilla í Milánó var skoðaður hátt og lágt og þar fengum við mikla og góða fræðslu er varðar umhverfið sem þriðja kennarann, samstarf við foreldra og fleira sem við getum og erum þegar farin að nýta okkur í starfi.



Í haust munum við fara af stað í verkefni sem kallast „Litlu laukar - bragðlaukajálfun“ og er rannsókn á matvæðni hjá börnum 0-6 ára og hvaða áhrif fæðumiðuð íhlutun í leikskólanum hefur á hana. Í þessu verkefni kemur bambahúsið okkar sterkt inn því börnin fá að kynna því hvernig grænmeti verður til sem gæti haft áhrif á matarvenjur þeirra. Allt þetta smellur svona líka ljómandi vel inn í nýju menntastefnunna en Heiðarborg hefur einmitt lagt áherslu á heilbrigði barnanna.

Talandi um heilbrigði, þá er heilbrigði starfsmanna okkar mikið atriði. Vellíðan í vinnunni er grunnur alls starfsins því glaður starfsmaður hefur jákvæð áhrif á börnin sem hefur síðan góð áhrif á foreldrana. Starfsfólkið dvelur allt upp í átta klukkustundir með samstarfsfélögum sínum og því mjög mikilvægt að hafa góða vinnustaðamenningu í húsi. Því miður komum við ekki alveg nógu vel út í könnun sem gerð var á meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar og þegar niðurstöður Heiðarborgar eru bornar saman við aðra leikskóla, sem tilheyra Austurmiðstöð, skorum við lægra í flestum þáttum.





Heiðarborg sótti um að taka þátt í samstarfsverkefni Vinnueftirlitisins (VE), Sambands íslenskra sveitarfélaga (SÍS) og Kennarsambands Íslands (KÍ) um vinnuumhverfi starfsfólks í leik- og grunnskólum og er einn af fimm skólum sem valdir voru af 25 umsóknum. Framundan eru því spennandi en krefjandi tímar sem væntanlega hafa jákvæða þróun, gleði og vellíðan í för með sér sem mun smita til allra sem að leikskólanum koma.

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Því miður dalaði innra matið okkar í vetur. Nokkrir fundir í matsteyminu voru haldnir þar sem farið var yfir fimm ára áætlunina, sem komin var að uppfærslu og hún samræmd, sumt tekið út og annað sett inn og þá voru listar skoðaðir af einum nefndarmanni. Þrátt fyrir þetta tókst ekki að virkja áætlunina að fullu og því varð mjög lítið um markvisst endurmat í vetur. Það er því áskorun næsta veturs að gera betur.

2.1 Innra mat


Hvað var metið?	Endurmat haustannar	Innra starf á deildum	Málörvun	sköpun
Hvernig fór matið fram?	Spurningarlista svarað á deildarfundum	Spurningarlista svarað á deildarfundum	Spurningarlista svarað á deildarfundum	Spurningarlista svarað á deildarfundum
Hverjir tóku þátt í matinu?	starfsmenn	starfsmenn	starfsmenn	starfsmenn
Helstu niðurstöður mats	Gekk heilt yfir vel, gott samspil milli starfsmanna. Gott að opna á hádegi eftir sumarlokunina	Gengur vel, var sveigjanleiki til breytinga, þurftum að einfalda skipulagið. Breyta skólastundunum	Mikil málörvun, lesið, sungið, talað við börnin á öllum stundum	Börnin fá oftast að skapa frá grunni en stundum koma hugmyndirnar frá starfsfólkinu.





2.2 Ytra mat

Gallup sendi út starfsmannakönnunina Stofnun ársins til starfsfólks Reykjavíkurborgar í október 2023. Í Heiðarborg svöruðu 17 starfsmenn könnuninni af 26. Níu þættir voru skoðaðir, líkt og í fyrra, og voru niðurstöður svipaðar eins og sést á mynd hér fyrir neðan en spurningar voru metnar á skalanum 1 til 5 þar sem 1 var lægsta skor. Heildarmatið hækkaði þó örlítið milli ára.



3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

Umbótaþáttur/matsþáttur	Vinnustaðamenning (skólaverkefnið)	Matartímar barna	Endurskoðun námskrár	Læsisáætlun
Tækifæri til umbóta	Bæta vinnustaðamenninguna og líðan starfsfólks	Samræma vinnubrögð í matartímum og auka áhuga barna á fjölbreyttum matvælum	Að endurskoða námskrá í takt við breytingar á aðalnámskrá leikskóla	Að leikskólinn setji sér læsisáætlun
Aðgerðir til umbóta	Þátttaka í verkefninu, áhersla á hlutverk deildarstjóra og uppfærðan samskiptamála	Þátttaka í verkefni HÍ um bragðlaukajálfun barna og ræktun matvæla í bambahúsi	Mynda teymi sem ákveður hvernig verkefnið verður unnið	Mynda teymi sem ákveður hvernig verkefnið verður unnið
Ábyrgð	Stjórnendateymi	Stjórnendateymi og bambanefnd	Stjórnendateymi og námskrárteymi	Stjórnendateymi og læsisteymi
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	ágú. 2024 – maí 2025	sept. 2024 – maí. 2025	ágú. 2024 – des. 2024	ágú. 2024 – maí. 2025





Hvenær og hvernig á að meta?	Könnun á vegum VE í apr. 2025	Metið á deildarfundum og í matartímum	Metið á fundum teymis og að námskráin sé tilbúin í des. 2024	Metið á fundum teymis og að áætlun sé tilbúin í jún. 2025
Viðmið um árangur	Betri vinnustaðamening, bætt skor í Stofnun ársins 2024	Vinnubrögð séu samræmd í matartímum, börnin sýni fjölbreyttum mat meiri meiri áhuga	Fullkláruð námskrá	Fullkláruð læsisáætlun

4 Innra mat deilda 2023-2024

4.1 Laut

Í vetur voru 3 almennir starfsmenn á deildinni, 1 stuðningur og 1 afleysing til að leysa af undirbúning og veikindi.

Fjöldi barna var 21, í Regnbogahóp (börn fædd 2018) voru 9 börn, í Stjörnuhóp voru 6 börn (árg. 2019) og í skýjahóp voru 6 börn (árg. 2020).

Aðlögun gekk mjög vel þar sem börnin af Lundi voru búin að koma í heimsókn frá því í júní en einungis eitt barn kom frá öðrum leikskóla.



Hið almenna starf inni á Laut byrjaði í september og unnum við með flæði sem reyndist mjög vel. Vinir af öðrum deildum gátu hitt hvern annan og leikið sér saman, þá kynntust börn og starfsmenn betur. Regnbogahópur hittist einu sinni í viku og vann verkefni í stærðfræði og lestri (ritun). Deildin fór einu sinni í viku í útinám þegar veður fjöldi starfsmanna leyfði. Í október hófum við markvissa hreyfingu í salnum og hvert barn fór einu sinni í viku. Í vetrarfríum grunnskólanna fengum við síðan að nota íþróttasalinn í Selásskóla og fórum við einu sinni á hvorri önn. Við unnum með foreldrasamskipti og buðum foreldrum í morgunmat einu sinni í viku og héldum eitt menningarmót sem gekk svakalega vel og foreldrar voru sáttir. Við unnum að því að bæta færni okkar í Tákni með tali í samverustundum og vorum dugleg að nota Lubba.





Við notuðum persónubrúðurnar ekki en fjölluðum um öll þau málefnum er þær standa fyrir sem er umburðarlyndi, umhyggja, vinátta og fjölbreytileiki svo eitthvað sé nefnt. Við tókum upp á að hafa bókaorm þar sem við völdum eitt barn á hverjum degi til að vera bókaormur dagsins. Viðkomandi barn kom þá með bók að heiman sem var síðan lesin í samverustund. Bókaormur er verkefni sem kom vel út og við munum halda áfram með. Um jólin völdu börnin að búa til jólatré fyrir leikskólann í stað þess að kaupa það. Þetta var samstarfsverkefni allra deilda og var útkoman stórkostleg.

Í umbótaáætlun seinasta árs ætlaði Laut að vinna betur að eftirfarandi málefnum:

Persónubrúður: Við fundum fljótt að Persónubrúðurnar höfðu ekki til barnanna svo við hættum að nota þær en tókum viðfangsefni þeirra fyrir og oft voru mjög skemmtilegar og uppbyggilegar umræður. Viðmiðið sem við settum okkur var að bæði börn og starfsmenn myndu sýna meira umburðarlyndi og það þykir okkur hafa náðst með umræðunum.

Styrkleikar: Tókum eftir að börnin voru að þæla í þeim umræðum sem höfðu átt sér stað, eins og t.d. því að það líta ekki allir eins út né tala eins. Okkur finnst þetta kenna börnunum um fjölbreytileika mannsins

Tækifæri til umbóta: Þessi eftirtekt barnanna stóð í stutta stund eftir umræðurnar og mögulegt væri að koma umræðunum aftur í gang og/eða viðhalda þeim. Einnig þarf að upphugsa nálgunina á efninu; er t.d. hægt að notast við eitthvað annað en persónubrúður, eins og Laut gerði í ár, mætti kannski nýta Blæ í verkefnið?

Vinna með Blæ: Bangsinn Blær kom sterkur inn í haust en vegna veikinda starfsmanns, sem var bestur í verkefninu, varð öll vinnan með Blæ einföld og innihaldsminni en jókst aftur um leið og starfsmaðurinn kom úr veikindaleyfi. Börnin voru að æfa félagslegar aðstæður með Blæ sem kenndi þeim samkennd, samúð og að setja mörk, þau elskuðu nuddstundirnar og við höfum heyrt frá foreldrum að þær séu að skila sér heim þeim til mikillar gleði. Viðmiðið var að starfsfólk upplifði að börnin væru að nota námsefnið í daglegu lífi sem þau sannarlega gerðu. Við ætlum að halda áfram með Blæ næsta vetur.





Styrkleikar: Börnin sýna meiri tillitssemi og umhyggju gagnvart hvort öðru, þau eru duglegri að hlusta á hvort annað og virða það sem er sagt við þau og þeim mörkum sem þeim eru sett.

Tækifæri til umbóta: Senda fleira starfsfólk á Blæ námskeið svo allir kunni vel á verkefnið.



4.2 Bali

Í vetur störfuðu fjórir starfsmenn á Bala, þar af einn starfsmaður með 42% stuðning auk þess að starfa sem afleysing deildarinnar. 21 barn var á deildinni, þar af 8 börn fædd 2018 (í Regnbogahóp), 7 börn fædd 2019 (í Stjörnuhóp) og 6 börn fædd 2020 (í Skýjahóp). Aðlögun hófst í lok ágúst og gekk hún ágætlega fyrir sig. Það komu fimm börn frá Lundi og tvö utanaðkomandi. Okkur fannst við ekki geta veitt nýju börnunum, sem komu utan að, þá athygli sem þurfti þannig að á næstu önn myndum við vilja hafa viku bil á milli aðlagana.

Starfið á Bala byrjaði í september. Deildinni var skipt í þrjá hópa. Í hópastarfi voru börnin sem eru fædd 2018 sér og þau sem eru fædd 2019 og 2020 var skipt í tvo blandaða hópa. Í þessu starfi lögðum við áherslu á að þjálfa fínhyfingar, vinna með Blæ, einingakubba og læra tölurnar. Þá unnum við með mánaðarþema sem gekk vel. Deildin fór í vikulegt útinám í september og október, og svo tók hreyfing í sal við yfir veturinn. Einnig var farið í nokkrar vettfangsferðir. Þegar vetrarfrí var í Selásskóla fengum við að fara í íþróttahúsið þeirra og gátum farið einu sinni á hvorri önn. Við unnum með foreldrasamskipti og buðum foreldrum í morgunmat einu sinni í viku og héldum eitt menningarmót sem gekk svakalega vel fyrir sig. Við bættum okkur mikið í Tákni með tali í samverustundum og vorum dugleg að nota Lubba og persónubrúður samkvæmt áætlun. Í ár byrjuðum við aftur með ferðabangsa, sem datt niður í covid, og börnin hlökkuðu til að fá bangsann með sér heim. Um jólin leyfðum við börnunum að kjósa um hvernig jólatréð ætti að vera og unnu allar deildirnar saman við að búa það til og var útkoman stórglæsileg.

Þeir þættir sem Bali setti í umbótaáætlun fyrir þetta skólaár var:

Vinna meira með stærðfræði: Markmið okkar fyrir Stjörnu- og Skýjahóp fyrir veturinn var að kenna þeim útlit tölustafanna, frá 1-10, með notkun einingarkubba. Það gekk vel hjá eldri





hópnum, Stjörnuhóp, en þau yngri, Skýjahópurinn, náðu ekki að læra allar tölurnar. Við ætlum að halda áfram að efla þau með sömu tækni og kenna þeim útlit tölustafanna.

Styrkleikar: Okkur fannst börnin nota tölur meira í daglegu starfi, þau þekktu tölustafina og voru duglegri að telja.

Tækifæri til umbóta: Getum haft fleiri verkefni tengt tölustöfum og tengt þá við önnur verkefni.

Vinna meira með Blæ fyrir skýjahóp: Fyrir skýjahóp nýttum við efnivið fyrir Blæ frá Brekku sem er yngsta deildinn í leikskólanum, þar sem okkur fannst skýjahópur ekki meðtaka Blæ efnið okkar fyrir eldri hópana. Við höfðum Blæstundir um vináttu tvisvar í viku og tókum, meðal annars, fyrir að vera góð við aðra, finna út hvernig öðrum líður, hvort vinurinn er leiður eða glaður og vorum með nuddstundir. Börnin tóku vel í þetta, þau nýttu sér Blæ í leik og sóttust mikið í hann.

Við ætlum að halda áfram með Blæstundir í samræmi við þroska barnanna.

Styrkleikar: Okkur fannst börnin vera betri í að leysa ágreining og voru meðvitaðri um tilfinningar.

Tækifæri til umbóta: Eldri börnin hefðu hugsanlega gott af því að fá einfaldara námsefni í einstökum tilfella.

4.3 Lundur

Veturinn byrjaði mjög vel. Mikill meirihluti barnahópsins kom frá Brekku og fylgdi þeim starfsmaður svo þau voru örugg og fljót að aðlagast. Hin þrjú börnin sem komu utan að komu því inn í öruggan hóp sem gaf kennurum mikinn



tíma til að geta sinnt þeim og voru þau líka fljót að aðlagast. Það voru fimmtán börn á deildinni, einn sérkennari og fjórir almennir starfsmenn, þar af einn sem sá um allar afleysingar. Starfið gekk mjög vel fyrir sig, rauði þráðurinn í gegnum starfið var málörvun en hún fór fram með ýmsum hætti, þar á meðal með Tákn





með tali, Lubbi finnur málbein og sögustundum. Við byrjuðum aftur með ferðabangsa í fyrsta sinn eftir covid og tóku börnin mjög vel í hann. Yfir veturinn vorum við einnig dugleg að fara með börnin í vettfangsferðir sem þau höfðu unun af og hlökkuðu alltaf til. Starfið gekk hnökralaust fyrir sig þangað til um miðja vorönn en þá varð óvænt starfsmannaekla sem leiddi til mikils álags á starfsmenn og við fundum að börnin urðu órólegri vegna tíðra starfsmannabreytinga. Við gerðum eins vel og við gátum í þessum aðstæðum og voru allir í leikskólanum að hjálpast að. Þegar nær dró sumri höfðu aðstæður batnað og við tók samskonar starf og hafði verið á haustönn.

Fyrir árið 2023-2024 voru sex atriði á umbótaáætlun Lundar og gengu þau yfir höfuð vel fyrir sig.

Að efla og innleiða Blæ fyrir nýju börnin: Þessi þáttur gekk hnökralaust hjá okkur og þurfti litla sem enga innleiðingu þar sem mikill meirihluti barnanna á Lundi þetta árið kom frá yngri deild og þekktu þau öll vel til Blæs og voru dugleg að fyrra bragði að ná í hann ef þau þurftu á honum að halda, innleiða Blæ í leikina sína o.s.frv.. Hópurinn í ár er sérlega sterkur félagslega, með ótrúlega mikla samúð, góðir vinir, eiga auðvelt með að biðjast fyrirgefningar og hlusta á og skilja kennarana þegar verið er að kenna þeim á félagslegar aðstæður. Það sem gert var með Blæ í ár voru nokkrar söngstundir, búnar til afmælskórónur á alla bangsana þegar Blæ átti afmæli og svo var fundinn ný og betri staðsetning fyrir hann þar sem börnin áttu auðveldara með að nálgast sinn eigin bangsa. Keypt var Ikea hillueining með hólum fyrir hvern Blæ og börnin fengu að skreyta sitt hól. Á næsta ári verðu yfir helmingur deildarinnar ný börn svo við ætlum að halda áfram með þennan umbótarþátt þar sem þau munu þurfa meiri kennslu á Blæ og við sjáum hversu góð áhrif hann getur haft



Styrkleikar: Börnin voru mjög góð í félagslegum aðstæðum, sýndu mikla samkennd og samúð, voru dugleg að setja sér mörk, virða mörk annarra og vera með mjúkar hendur. Teljum við að út af því að börnin hafa verið í Blæstundum frá unga aldri að þau hafa náð tökum á félagslegum aðstæðum fyrr.

Tækifæri til umbóta: Vera með markvissar Blæstundir allavega einu sinni í viku og vera





duglegri að kenna börnunum og syngja með þeim Blæ löginn þar sem þau hafa svo gaman af þeim.

Að fjölmening sé sýnilegur þáttur daglegs starfs deildarinnar: Passað er upp á að fjölbreytt úrval sé af mismunandi hörundslituðum dúkkum á boðstólnum, einnig af öðru dóti þar sem



við á. Upp á veggjum eru stundum veggspjöld og er líka fjölmening í þeim, eins og fólk af mismunandi kynþáttum og fjölbreyttar

fjölskyldur. Þess er einnig gætt að prenta fjölmeningarlegar myndir

ef við á fyrir börnin að sjá. Í ár endurvöktum við ferðabangsann

okkar hann Ara apa en það er verkefni tengt heimameningu og

börnin elskuðu það og var mikil tilhlökkun að fá hann í heimsókn.

Einnig erum við með mánaðarlangt þema um menningu og

samfélag þar sem börnin eru frædd um hin ýmsu lönd og menningu

þeirra. Lög eru þá sungin á mismunandi tungumálum.

Styrkleikar: Í byrjun haustannar sáum við að börn af öðrum kynþætti leituðu oft í dótið sem líktist þeim. Síðar um árið voru allir að skiptast á með dótið og skipti engu hvernig það leit út.

Tækifæri til umbótar: Þessi þáttur tókst vel til og gekk vel að innleiða hann í starfið. Teljum ekki þörf á að taka þennan þátt aftur fyrir þar sem hann er orðinn vel innrættur hjá okkur en munum passa að halda áfram að bjóða upp á mikið úrval leikefnis og fjölmeningarlegan sýnileika.

Að barn fái gæðatíma með starfsmanni, að barn fái að njóta sín sem einstakt: Til að fylgjast með samskiptum innan deildarinnar var Blær notaður sem og listi Vöndu Sigurgeirsdóttur.

Umræður voru teknar fyrir á deildarfundum um börnin og staða þeirra metin og út frá því var



ákveðið hvaða börn við töldum að þyrftu á Gefðu 10 að halda. Eftir áramót var byrjað á snemmtækri íhlutun og

hafði það mjög góð áhrif á þau börn sem voru metin að

þyrftu á henni að halda. Margt var gert með börnunum

svo þeim liði sem þau væru einstök og fengu að njóta

sín, má þar meðal annars nefna að mikið var spilað með

börnunum; börnin fengu gæðastund með kennara í föndri; búin var til límmiðabók handa

hverju barni og þau fengu límmiða þegar þau sýndu jákvæða hegðun sem metin var út frá





hverju barni fyrir sig; ef barn var með hugmynd að leik þá var því hjálpað að útfæra leikinn, starfsmenn voru duglegir að hrósa börnunum, það var lesið fyrir þau og mikið spjallað, þá var þátttaka kennara góð í leik barnanna þegar þess þurfti. Einn af þeim stærstu þáttum sem við gerðum til að leyfa börnunum að upplifa sig einstakt var að leyfa þeim að stjórna samverustund, þar fengu þau að prófa að bjóða hinum krökkunum fram að borða, stýra söngstund, vera veðurfræðingar o.s.frv.. Þetta var líka mjög góð leið að sjá samskiptin milli barnanna. Þegar barn kom í leikskólann eftir að vera með Ara apa fékk það að vera með starfsmanni í samverustund, meðan lesið var um heimsóknina, og að sýna hinum börnunum myndir úr heimsókninni.

Viðmiðið um árangur á þessum þætti var að við nýttum okkur Gefðu 10 í 85 % tilfella. Þrátt fyrir að starfsmenn nýttu ekki Gefðu 10 í svo háu tilfelli teljum við að árangrinum hafi verið náð með öllum hinum þáttunum sem nýttir voru til að láta börnin njóta sín og gefa þeim gæðastundir.

Styrkleikar: Mikið traust var milli barnanna og kennaranna og voru þau óhrædd að leita til okkar. Börnin eflust í hugmyndaflugi og voru stolt af sjálfu sér sem leiddi til betri sjálfsmyndar og þau urðu duglegri við þá hluti sem kennarar hrósuðu þeim fyrir.

Tækifæri til umbóta: hægt væri að skipta börnunum upp í þrjá hópa sem hver og einn kennari sér um í ákveðin tíma til að vera viss um að engin börn tynist og auðveldara verði að styrkja börnin, leyfa þeim að skína og vera einstök.

Að styðja við og efla samfélagið innan leikskólans. Það nær til foreldra, barna, starfsfólks



og nærumhverfisins: Boðið var upp á foreldramorgna alla mánudaga þar sem foreldrar gátu sest niður og borðað með börnunum og gefið sig á tal við starfsmenn og aðra foreldra. Því miður var heldur dræm þátttaka hjá foreldrum í ár þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir starfsmanna til að efla foreldra til að mæta. Foreldrar fengu vikulegan póst um allt sem var í gangi í leikskólanum, hvað börnin voru að gera og hvað var verið að kenna þeim, í þeim pósti voru líka söngtextar sem börnin voru að

læra auk mynda af TMT orðunum sem börnin voru að fara yfir og hvaða hljóð þau voru að læra með Lubba. Foreldrar voru hvattir í póstunum til að koma fram með sínar óskir og hugmyndir ef þeir hefðu einhverjar um hvað hægt væri að gera með börnunum, til dæmis





hugmyndir að vettfangsferðum. Starfsmenn voru duglegir að gefa sig á tal við foreldra og upplýsa þá um allt sem var að gerast í leikskólanum og hjá börnum þeirra. Gott samstarf var milli deildanna og allir til í að hjálpa hvert öðru. Nokkuð var um flutning starfsmanna milli deilda sem hjálpaði með samstöðu hjá starfsmönnum.

Styrkleikar: Mikið traust ríkti milli foreldra og starfsmanna. Foreldrar gátu tekið þátt í því sem börnunum var kennt í leikskólanum og eftt börnin meira í þeim þáttum.

Tækifæri til umbóta: Við munum halda áfram með þennan umbótarþátt á svipaðan hátt á næsta ári þar sem okkur finnst samstarf leikskóla og foreldra mjög mikilvægur hlutur og gott er að finna til mikils traust hjá foreldrum gagnvart okkur eins og var í ár. Eigum eftir að ræða á deildarfundi með hvaða hætti við getum aukið þátttöku foreldra enn meir.

Að efla þátttöku barnanna í ákvarðanatöku og hönnun leikskólasamfélagsins: Með þessu vildum við að börnin hefðu áhrif á líf sitt innan leikskólans, efldust í og fengju traust á að láta skoðanir sínar í ljós. Í byrjun skólaársins var oft sest niður með börnunum og rætt hvernig



hægt væri að útfæra leikina sem þau vildu fara í, hvaða efnivið þurfti, í hvaða rými væri best að leika o.s.frv.. Þetta hefur gefið mjög vel af sér og kemur oft mjög skemmtilegur sjálfsprottinn leikur hjá börnunum sem eru óhrædd við að biðja um þann efnivið sem þau þurfa á að halda. Þau ræða sín á milli og skilja betur ef eitthvað er ekki á boðstólum á þeirri stundu.

Það hefur einnig tekist mjög vel að gefa börnunum val um hvað sé í boði að gera. Við höfum gefið þeim

val um afmælisleiki, val um að vera úti eða inni ef við á, val um hvenær þau borða morgunmat og drekkutíma innan ákveðins tímaramma. Börnin fengu reglulega að kjósa um sögu í sögustund og lærðu þá um að meirihlutinn ræður. Einnig höfum við tekið þátt í flæði með öðrum deildum leikskólans þar sem börnin fengu að velja sér stað og leikefni við sitt hæfi og áhugasvið.



Styrkleikar: Viðmiðið var að kennarar upplifðu að börnin væru örugg um að láta hugmyndir og skoðanir í ljós og hefur það sannarlega tekist vel til.

Tækifæri til umbóta: Nýta betur öll þau rými sem leikskólinn hefur upp á að bjóða. Halda





áfram þeim umræðum við börnin í gegnum árið hvernig leikur hentar hverju sinni og hvaða efnivið hægt er að nota svo þau festast ekki í ákveðinni rútínu.

Að efla sköpun á deildinni: Þessi þáttur gekk vonum framar. Tekin var sú ákvörðun að útfæra nálgunina af föndrinu á annan hátt svo í ár fengu börnin að föndra frjálst, eins og hefur oft verið, en líka meira kennarastýrt með frelsi innan þeirra marka. Vorum dugleg að föndra í kringum þau þemu sem voru í gangi hverju sinni, í haust og vináttu var búið til vináttutré úr lófaförum barnanna, þegar menning og samfélag var í gangi perluðu börnin fána o.s.frv..



Verkefnið Málað á bleyjunni heppnaðist fullkomlega, en það var verkefni sem gert var um haustið og nú að vori eru börnin og foreldrar þeirra enn að tala um það. Jólagjöfin er annað mjög gott dæmi um föndur sem gekk mjög vel en þar fengu börnin mjög mikið frelsi til að gefa þá gjöf sem þau vildu gefa. Í listsköpuninni var notast við margbreytilegan efnivið og var gaman að sjá börnin útfæra föndrið sitt á margskonar hátt. Mikið var um tónlistarstundir og lærðu börnin fullt af lögum þá gekk hljóðfærakassi milli deilda og þegar Lundur var með hann var mikið um tónmennt.



Þessi þáttur gekk vel fyrir sig og náðum við markmiði okkar þó að föndrið datt smá niður að vorönn vegna manneklu. Á móti kom að um leið og það var nægur starfskraftur var strax byrjað að föndra á ný.

Styrkleiki: Börnin kynntust allskonar efni sem hægt var að föndra úr. Börnin fengu mikla útrás að spreyta sig áfram í list-tilraunum. Mikið varð um eiguleg verk sem börnin tóku heim með sér.

Tækifæri til umbóta: Gott væri að föndra í minni hópum en gert var í ár. Við tókum eftir því að þegar kennari fékk tækifæri til að undirbúa verkefni vel gekk allt mikið betur fyrir sig svo við viljum reyna að undirbúa öll verkefni fyrir utan þau sem eru sjálfsprottin á staðnum.





4.4 Brekka

Aðlögunin síðasliðið haust gekk ágætlega, okkur fannst þó of mikið að taka 9 börn í fyrra hollinu og viljum jafna hópana næst, hafa 6 og 6 í einu og hálfan mánuð á milli.

Veturinn var erfiður, töluverðar mannabreytingar bæði á haust- og vorönn. Börnin voru tólf talsins með þrjá starfsmenn og einn stuðningsaðila fyrir barn með átta tíma stuðning.



Haustið fór í að kynnst börnunum og aðlaga þau að útisvæðinu og að deildinni. Við byrjuðum einfalt,

gerðum haust- og vinaverkefni sem fór í ferilmöppurnar en skelltum okkur síðan í hefðbundið vetrarstarf eftir foreldrafundinn í október. Lubbi, Blær, tákn með tali, þema vetrarins og svo ótal margt fleira var á dagskrá þetta árið. Eftir áramótin byrjuðum við á morgunsamverum þar sem við ræddum um hvaða dagur væri og hvernig veðrið væri, hverju við ættum að klæðast í útiverunni og hvað væri í matinn, sungum lög og lásur sögur í



tengslum við þema mánaðarins. Fyrir útinám á vormánuðum gerðum við áætlun og skrifuðum niður eftir hverja ferð, hvert var farið og hvernig gekk. Þetta kom vel út og munum við halda þessu áfram í umbótaáætlun síðasta skólaárs voru fimm atriði:

Taka Lubba markvisst fyrir og fylgja áætlun: Lubbi og TMT nýttist hvoru tveggja vel í málörvunarstarfi deildarinnar. Lubbastundirnar voru reglulegar, þær gengu vel og börnunum fannst gaman.



Styrkleiki: Við náðum að klára skipulagið og börnin voru áhugasöm.

Tækifæri til umbóta: halda áfram á sömu braut næsta vetur.

Tákn með tali – skipuleggja tákn vikunnar og gefa börnunum sitt eigið tákn.

Við tókum fyrir tákn vikunnar, 3-4 tákn á viku, í allan veturinn og tengdum þau við þemun.

Styrkleiki: Það kom vel út að setja táknin undir skápinn fyrir ofan skiptiborðið, börnunum fannst alltaf spennandi að fá nýja bleyju og sjá nýjar myndir.

Tækifæri til umbóta: Við vorum búin að gefa hverju barni tákn sem var ekki að ganga því við





gátum með engu móti munað táknið. Næsta haust ætlum við að tengja tákn barnanna við upphafstafinn í nafninu þeirra.

Efla vinnuna með Blæ:

Blær var notaður á mjög einfaldan máta, við töluðum um að hann væri vinur okkar og hlustuðum á lögin „stopp“ og „bangsi minn“.

Styrkleiki: Börnunum þótti vænt um Blæ, voru dugleg að leika við hann og knúsuðu hann mikið.

Tækifæri til umbóta: Halda áfram að vinna með vináttu og tilfinningar í gegnum Blæ á svipaðan hátt og gert var í vetur.



Félagsfærni og samskipti: Nýttum allar stundir til að kenna börnunum góð samskipti, stundir eins og útiverur, samverustundir, Blæ-stundir og fleira. Starfsfólkið hvatti börnin til umræðna um lausnir og mismunandi tilfinningar og líðan okkar hvern dag var tekið fyrir í samverustundum.

Styrkleiki: Börnin lærðu að deila leikföngunum og eiga góð samskipti í gegnum t.d. Blæ, útiveru og reglulega hreyfingu.

Tækifæri til umbóta: Höldum áfram á þessari braut. Ætlum að taka fyrir viku og viku þar sem við skráum með brosköllum hvernig líðanin er hverju sinni.

Sjálfselling og læsi í gegnum þemu sem skipulögð eru í leikskólanum:

Unnum vel með hvert þema fyrir sig, gerðum vináttuverkefni um haustið og lásam umferðasögur í umferðarvikunni, vorum með bók og lag vikunnar í nóvember þar sem hvert barn mátti koma með bók í leikskólann. Í desember bökuðum við smákökur, föndruðum, gerðum jólagjafir og höfðum notalegar stundir. Í þemanu „Menning og samfélag“ tókum við



Ísland og litina í fánanum fyrir. Það kom mjög vel út og munum við halda áfram að skoða landið okkar á þennan hátt. Margt fleira gerðum við en ekki er hægt að telja það allt upp hér.

Styrkleiki: Heilt yfir gekk þetta mjög vel og ætlum við að halda áfram á svipuðum nótum.

Tækifæri til umbóta: Leggja má inn ný orð fyrir börnin og kenna þeim ný lög í tengslum við þemu mánaðanna og styrkja þannig greindir barnanna.





5 Innra mat sérkennslu

Stefna Reykjavíkurborgar er að öll börn hafi jafnan rétt til þátttöku í öllu starfi leikskólans en ávallt skal miðað við þarfir hvers og eins. Börn með fötlun, frávik í þroska eða aðrar sérþarfir fá sérkennslu. Er grunur vaknar um slíkar þarfir er haft samband við sérkennslustjóra sem býr til erindi þess efnis sem sent er til skólasviðs Austurmiðstöðvar. Miðstöðin er til ráðgjafar og handleiðslu, ásamt því að sjá um frumgreiningar og vísa til annarra stofnana. Allar framkvæmdir við að meta hvort barn þurfi inngrip eða sértæka þjónustu eru í samráði við foreldra.

Í leikskólanum er það sérkennslustjórinn sem ásamt leikskólastjóra og deildarstjóra er ábyrgur fyrir því að gerðar (gerð eða uppfærð) séu einstaklingsnámsskrár og að þeim sé framfylgt.

Í einstaklingsnámsskrá er lögð áhersla á að barnið verði fullgildur meðlimur í leikskólasamfélaginu og allir starfsmenn deildarinnar taki virkan þátt í að ná settum markmiðum. Sérkennslan er í höndum þroskaþjálfara, leikskólasérkennara eða einstaklings með aðra háskólamenntun. Sérkennsla fer fram í öllu starfi leikskólans og í vinnustundum þar sem einstaklingsþjálfun fer fram.

Í dag vinna í Heiðarborg einn þroskaþjálfari, tveir leikskólasérkennarar og tveir stuðningsfulltrúar.

5.1 Mat á sérkennslu 2023-2024

Skipulagning sérkennslu	Sérkennslan í leikskólanum fór fram bæði inn á deild og í vinnustundum. Unnið var eftir hugmyndum um atferlisíhlutun og skipulagða kennslu og skráningar gerðar í tengslum við það. Gerð var einstaklingsnámsskrá fyrir þau börn sem þess þurftu og lögð var áhersla á að barnið væri virkur þátttakandi í starfi sinnar deildar.
Hvaða matsgögn voru notuð?	Efi-2, Hljóm-2, AEPS og ABLLS-r
Hvaða námsefni var notað?	Námmsgögnin voru bæði aðkeypt og búin til í leikskólanum. Keypt voru m.a. málörvunarbox og Playmobil hús sem einnig nýtist í málörvun.





5.2 Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

Umbótaþáttur/ matsþáttur	Þekking starfsfólks	PECS	TMT	Sjónrænn stuðningur
Tækifæri til umbóta	Að starfsfólk þekki áherslur í einstaklings-námskrá barna	Innleiða PECS	Efla notkun TMT	Að allt starfsfólk noti sjónrænan stuðning.
Aðgerðir til umbóta	Að sérkennslustjóri sitji deildarfundi a.m.k einu sinni í mánuði	Starfsfólk sem vinnur náð með sérkennslubarni fer á námskeið.	Að gæta þess að TMT sé notað í daglegur starfi leikskólans.	Sérkennslustjóri sitji deildarfundi a.m.k einu sinni í mánuði.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri/ Starfsfólk sérkennslu og deildarstjóri viðkomandi deildar	Sérkennslustjóri/ Starfsfólk sérkennslu og deildarstjóri viðkomandi deildar	Sérkennslustjóri/ Starfsfólk sérkennslu og deildarstjóri viðkomandi deildar	Sérkennslustjóri/ Starfsfólk sérkennslu og deildarstjóri viðkomandi deildar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Sept. 2024 – Júní 2025	Sept. 2024 – Júní 2025	Sept. 2024 – Júní 2025	Sept. 2024 – Júní 2025
Hvenær og hvernig á að meta?	Á deildarfundum og með fundargerðum	Skráning á lærðum myndum.	Skrá niður lærð tákni sérkennslubarna.	Sérkennslustjóri fylgist með á deild.
Viðmið um árangur	Þegar starfsfólk telur sig meðvitað um þau markmið sem verið er að vinna að með hverju og einu sérkennslubarni	Þegar barn er farið að nota boðskiptakerfið PECS og starfsfólk skilur barnið.	Þegar sérkennslubarnið getur gert sig skiljanlegt með því að nota tákni.	Þegar barnið notar sjónræna skipulagið markvisst





5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

2023-2024

<p>Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?</p>	<p>Í ár var fjármagnið að hluta til nýtt í laun en einnig til kaupa á leikföngum og efni til málörvunar.</p>
<p>Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?</p>	<p>Unnið er með grunnorðaforða barnanna í öllum stundum dagsins. Verkefni <i>Lubbi finnur málbein</i> og <i>Tákn með tali</i> eru til að mynda vel innleidd í starfinu öllu og flest allir starfsmenn ættu að hafa fengið kynningu á <i>Gefðu 10</i> sem hver deild nýtir svo eftir þörfum.</p>
<p>Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?</p>	<p>Mikil áhersla er lögð á að dýpka orðaforða fjöltyngdra barna leikskólans í bæði skipulögðum og óskipulögðum stundum ásamt einstaklings- og hópstarfi.</p>
<p>Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i>, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?</p>	<p><i>Hæfniramar í íslensku, EFI-2 og Hljóm-2</i> eru notaðir til að fylgjast með framförum fjöltyngdra barna í leikskólanum. Einnig hafa þau sem á þurfa að halda verið tekin í einstaklingsmálörvun og eru þar gerða einstaklingsáætlanir og þar sem þykir þurfa málsýni til að fylgjast betur með.</p>
<p>Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i>, varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.</p>	<p>Unnið er með alla þætti málþroskans í gegnum markvissa málörvun inni á deild, í málörvunarstundum og í daglegu starfi leikskólans.</p>





5.3 Umbótaáætlun – fjöltyngi 2024-2025

Allur skólinn		
Umbótaþáttur/matsþáttur	Notkun <i>Hæfniramma í íslensku</i> .	Noktun á <i>Tákn með tali</i> .
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að allir starfsmenn sem vinna með fjöltyngdu barni þekki til <i>Hæfnirammanna í íslensku</i> .	Að allur leikskólinn haldi áfram að dýpka vinnu sína með <i>Tákn með tali</i> .
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að tengiliður fjölmenningar kynni rammana á deildarfundum og minni svo á þá á réttum tíma.	Að leggja markvisst inn orð í <i>TMT</i> á öllum deildum leikskólans og að starfsmenn leggi sig fram við að nota þau í daglegu starfi.
Ábyrgð	Deildarstjórar og tengiliður fjölmenningar.	Allir starfsmenn leikskólans.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2024 – Júní 2025.	September 2024 – Júní 2025.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Á deildarfundum eftir áramót	Meta notkun á <i>TMT</i> bæði í skipulögðum stundum og óskipulögðum á deildarfundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að rammarnir séu rétt útfylltir í lok tímabilsins.	Að starfsfólk upplifi sig öruggara í notkun <i>TMT</i> og sjái aukna þekkingu á því hjá börnunum.





6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsmenn leikskólans voru boðaðir í starfsþróunarsamtöl í febrúar og mars. Heilt yfir virðist fólki líða ágætlega og allir sáttir við samstarfsfélagana á deildinni. Álag í starfi eins og t.d. vegna fjarveru annarra starfsmanna veldur þó stressi og almennri vanlíðan sem getur gert mótstöðuafli líkamans veikara og viðkomandi þá móttækilegri fyrir umgangspæstum.

Á komandi vetri munu allir starfsmenn fá fræðslu um bragðlauka-verkefnið sem við erum að fara í og minnst hefur verið á í þessari skýrslu, þá munum við fá fræðslu um staðalmyndir, félagsmótun og samskipti og fleira tengt skólaverkefninu okkar. Við viljum efla deildarstjórana enn betur svo þeir geti stutt sína undirmenn og verða einhver námskeið eða fræðsla fyrir þá.

Eftirfarandi listi sýnir þau námskeið sem starfsfólkið sótti síðastliðið skólaár.

Námskeið	Lengd	Hverjir sóttu	Hvenær
Ráðst. v/fjöltýngdra fjölskyldna	6 tímar	Aðst.leiksk.stj. og tengil. Fjölm.	21. sept.'23
Öryggistrúnaðarnámskeið	2 tímar	Öryggisvörður	25. sept.'23
Einingakubbar í flæði	3 tímar	Fjórir starfsmenn	27. sept.'23
Skráning og þjálfun	3,5 t.	sérkennari	02. okt.'23
Ablls námskeið	6 tímar	Sérkennslustj. Sérkennari	Haust 2023
Teacch námskeið	24 tímar	Sérkennari	Haust 2023
Widgit online	2 tímar	Deildarstjóri	18. okt.'23
Ráðný	45 mín	Leikskólastjóri	31. okt.'23
Brú milli landa	2 tímar	Deildarstjóri	07. nóv.'23
Skipulögð kennsla	16 tímar	Sérkennari	nóv '23
Þorsteinn Bachmann	4 tímar	Allt starfsfólk	24. nóv.'23
Náttúruleg kennsla	6 tímar	Tveir deildarstjórar	Jan.-feb. '24
Snemmtæk íhlutun	3 tímar	Deildarstjóri	15. jan. '24
Námskeið v/farsældarlaga	3 tímar	Sérkennslustjóri	18. jan. '24
Forystunám RVK	64 tímar	Aðstoðarleikskólastjóri	Vor/sumar'24
Leiðtoganámskeið KVAN	18 tímar	Aðstoðarleikskólastjóri	Vorönn '24
Skyndihjálp	3 tímar	Allir starfsmenn	6. feb. '24
Skólaverkefni	4 tímar	Skólastjórar og sérkennslustjóri	21. mars '24
Lífsgæði í leikskólastarfi	3 tímar	Aðstoðarleikskólastjóri	30. apríl '24
Kynniss- og námskeiðsferð til Ítalíu	14 tímar	Flest allt starfsfólk	maí '24
Menntastefnumót	8 tímar	Þeir sem fóru ekki til Ítalíu	17. maí '24





7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf leikskólans við Selásskóla verður með svipuðum hætti og verið hefur síðastliðin ár. Elstu börnin í Seláshverfi, í leikskólunum Heiðarborg, Rauðaborg og Blásölum hafa verið í farsælu samstarfi við Selásskóla og hittast elstu árgangar leikskólanna og 1. bekkur reglulega yfir skólaárið. Þá er hisst á sameiginlega svæðinu sem kallast Heimahagar eða í Selásskóla.



Markmið verkefnisins er að elstu börnin fái tækifæri til að kynna jafnöldrum sínum í leikskólum hverfisins en einnig að aðlagast umhverfi Selásskóla. Skilafundir eru síðan haldnar að vori með Selásskóla þar sem deildastjórar hitta umsjónarkennara, sérkennara og í einhverjum tilfellum forstöðumann frístundar þar sem farið er yfir barnahópin sem væntanlegur er í 1. bekk að hausti. Farið er yfir styrkleika barnanna, tengsl og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegt er að fylgi til að skil milli skólastiganna séu sem farsælust.

Í vetur hefur einnig verið boðið upp á Leikskólaval hjá 9. og 10. bekk í Árbæjarskóla en þá hefur leikskólinn tekið á mót 4-6 nemendum á önn í 1 og ½ tíma í viku yfir önnina. Þetta verkefni hefur gefist vel og stefnt er að því að halda því áfram næsta vetur.

Skipulag skólaársins 2024 – 2025			
Dagsetning	Viðburður	Staðsetning	Ábyrgð
Október	1. bekkur heimsækir leikskólann	Heiðarborg	Deildarstjórar elstu barna
1x til 2x í mánuði	Elstu börn hitta jafnaldr og 1. bekk	Heimahagar	Deildarstjórar og umsjónarkennarar
16. nóvember/ Dagur ísl. tungu	5. bekkur les fyrir börnin í Heiðarborg	Heiðarborg	umsjónarkennarar 5. bekkjar
Janúar - mars	Skólaheimsóknir í Selásskóla	Selásskóli	Deildarstjórar og umsjónarkennarar
Mars	Heimsókn í hesthúsin	Hesthúsin	Starfsfólk hesthúsanna
Mái	Ratleikur	Skólalóð Selásskóla	Umsjónarkennarar 1. bekkjar
Júní	Farið á hestbak í Reiðskólanum	Reiðskóli Reykjavíkur	Starfsfólk Reiðskólans
Ágúst – nóvember og júní	Fundur kennara leik- og grunnskóla	Selásskóli	Deildarstjórar, umsjónarkennarar og forst. frístundar.





8 Foreldrasamvinna

Í Heiðarborg hefur lengi verið lögð áhersla á gott samstarf við foreldra/forráðamenn. Að hausti byrjar aðlögun en í leikskólanum er þátttökuaðlögun þar sem foreldrar taka þátt í starfi leikskólans með börnunum og þannig kynnast börnin og foreldrarnir umhverfi og starfsfólki leikskólans. Aðlagð er í litlum hópum og á þriðja degi er haldin foreldrakynning fyrir nýja foreldra þar sem starf skólans og áherslur hans eru kynntar, auk þess sem haldnar eru foreldrakynningar á haustin þar sem foreldrum gefst færi á að spyrja spurninga og kynnast innbyrðis.

Lagt er upp með að vera í góðu samstarfi við foreldra en deildarstjórar og stjórnendur senda upplýsingapósta reglulega og passað er upp á gott upplýsingaflæði milli heimilis og skóla. Einnig eru myndir sendar í gegnum Völu. Foreldraviðtöl eru síðan haldin á haustin og á vorin þar sem farið er yfir stöðu barnsins, færni þess og framfarir, en auk þess er foreldrum alltaf velkomið að óska eftir símtali eða fundi með deildarstjórum eða stjórnendum ef þörf er á.



Í vetur höfum við boðið upp á svokallaðan foreldramorgunmat en þá hefur hver deild boðið foreldrahópnum að borða morgunmat með börnum deildarinnar einu sinni í viku, alltaf á sama vikudeginum. Morgunmaturinn er misjafnlega vel sóttur, þó nokkur hópur foreldra mætir í hverri viku, gefur sér tíma til að borða og spjalla við kennarana, og jafnvel sækja sér kaffi. Þetta hefur skapað notalega stemningu í sal leikskólans og stefnt er að halda þessu áfram næsta vetur. Einnig höfum við haldið viðburði, m.a. Þorra- og Góukaffi, aðventukaffi og menningarmót þar sem börnin hafa boðið foreldrum, ömmum, öfum, systkinum og öðrum nákomnum í kaffi, vöfflur eða annað góðgæti frá öðrum menningarheimum.

Við skólann er starfrækt foreldrafélag og foreldraráð. Í foreldraráði sitja þrír foreldrar en í stjórn foreldrafélagsins eru þeir fjórir og reynt að hafa eitt foreldri frá hverri deild.

Foreldrafélagið hefur verið afar virkt í vetur og boðið upp á viðburði á starfsdögum auk þess að bjóða börnum upp á leiksýningu og annað skemmtilegt á opnunartíma. Foreldraráðið fylgist með innra starfinu, tekur þátt í að ákveða sumarlokun leikskólans og les þessa starfsáætlun svo eitthvað sé nefnt.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal





Skipulagsdagar komandi skólaárs munu að mestu fara í stóru verkefnið okkar, skólaverkefnið og litlu laukana, ásamt vinnu við að uppfæra skólanámsskrána okkar.

Skipulagsdagar skólaárið 2024-2025

22. ágúst

27. September

22. nóvember

6. janúar

6. febrúar

28. Apríl





Leikskóladagatal 2024 - 2025

Nafn leikskóla:

Heiðarborg

AGÓST	SEPTEMBER	OCTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁJ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F. Starfsdagur	1 S.	1 B.	1 F.	1 S. Helminntadagurinn	1 M. Starfsdagur	1 L. Þeirsdagur	1 L.	1 F. Þriðjudagurinn	1 S.	1 S.	1 B.
2 F. Starfsdagur	2 M.	2 M.	2 L.	2 M. Þriðjudagurinn	2 F.	2 S.	2 S.	2 F.	2 M.	2 M.	2 M.
3 L.	3 B.	3 F.	3 S.	3 B.	3 F.	3 M.	3 S.	3 L.	3 B.	3 F.	3 F.
4 S.	4 M.	4 F.	4 M.	4 M.	4 L.	4 B.	4 B.	4 S.	4 F.	4 M.	4 F.
5 M. Þriðjudagurinn	5 F.	5 L.	5 B.	5 F.	5 S.	5 M.	5 L.	5 M.	5 M.	5 F.	5 L.
6 B. Starfsdagur	6 F.	6 S.	6 M.	6 M. Starfsdagur	6 M. Starfsdagur	6 F. Starfsdagur	6 F.	6 B.	6 B.	6 F. Starfsdagur	6 S.
7 M. Starfsdagur	7 L.	7 M.	7 F.	7 L.	7 B.	7 F.	7 F.	7 M.	7 L.	7 L.	7 M.
8 F.	8 S.	8 B.	8 F.	8 S.	8 M.	8 L.	8 L.	8 M.	8 S.	8 S.	8 B.
9 F.	9 M.	9 M.	9 L.	9 M.	9 F.	9 S.	9 S.	9 F.	9 M.	9 M.	9 M.
10 L.	10 B.	10 F.	10 S.	10 B.	10 F.	10 M.	10 M.	10 L.	10 B.	10 B.	10 F.
11 S.	11 M.	11 F.	11 M.	11 L.	11 L.	11 B. Starfsdagur	11 B.	11 S.	11 M.	11 M.	11 F.
12 M.	12 F.	12 L.	12 B.	12 F. Starfsdagur	12 S.	12 M.	12 L.	12 M.	12 F.	12 F.	12 L.
13 B.	13 F.	13 S.	13 M.	13 F.	13 M.	13 F.	13 S.	13 F.	13 M.	13 F.	13 S.
14 M.	14 L.	14 M.	14 F.	14 L.	14 B.	14 F.	14 F.	14 M.	14 M.	14 L.	14 M.
15 F.	15 M.	15 B.	15 F.	15 S.	15 M.	15 L.	15 L.	15 F.	15 M.	15 F.	15 B.
16 F.	16 M. Starfsdagur	16 M.	16 L.	16 M.	16 F.	16 S.	16 S.	16 F.	16 M.	16 F.	16 M.
17 L.	17 B.	17 F.	17 S.	17 F.	17 F.	17 M.	17 M.	17 L.	17 M.	17 F.	17 L.
18 S.	18 M.	18 F. Starfsdagur	18 M.	18 L.	18 L.	18 B.	18 B.	18 S.	18 M.	18 F.	18 S.
19 M.	19 F.	19 F.	19 S.	19 M.	19 S.	19 M.	19 M.	19 L.	19 M.	19 M.	19 M.
20 B.	20 F.	20 S.	20 M.	20 F.	20 F.	20 L.	20 L.	20 M.	20 M.	20 F.	20 S.
21 M.	21 L.	21 M.	21 F.	21 B. Starfsdagur	21 B.	21 F. Starfsdagur	21 F.	21 M.	21 M.	21 M.	21 M.
22 F.	22 M.	22 F.	22 M.	22 F.	22 S.	22 M.	22 L.	22 F.	22 M.	22 F.	22 L.
23 F.	23 M.	23 B.	23 M.	23 M.	23 M.	23 L.	23 S.	23 M.	23 M.	23 M.	23 M.
24 L.	24 M.	24 F.	24 M.	24 L.	24 B.	24 F.	24 F.	24 M.	24 M.	24 L.	24 M.
25 M.	25 F.	25 S.	25 M.	25 F.	25 M.	25 L.	25 L.	25 F.	25 M.	25 F.	25 B.
26 F.	26 M.	26 B.	26 F.	26 M.	26 F.	26 S.	26 S.	26 F.	26 M.	26 F.	26 M.
27 L.	27 B.	27 F.	27 S.	27 F.	27 F.	27 M.	27 M.	27 L.	27 M.	27 F.	27 L.
28 S.	28 M.	28 F. Starfsdagur	28 M.	28 L.	28 L.	28 B.	28 B.	28 S.	28 M.	28 F.	28 S.
29 M.	29 F.	29 F.	29 S.	29 M.	29 F.	29 M.	29 M.	29 L.	29 M.	29 M.	29 M.
30 B.	30 F.	30 S.	30 M.	30 F.	30 F.	30 L.	30 L.	30 M.	30 M.	30 F.	30 S.
31 L.	31 M.	31 F.	31 L.	31 B. Starfsdagur	31 F.	31 F.	31 F.	31 M.	31 M.	31 M.	31 M.



10 Fylgiskjöl

10.1 Umbótaáætlun deilda 2024-2025

Yngri deildir - Brekka og Lundur				
Umbótaþáttur/matsþáttur	Að styðja við og efla samfélagið innan leikskólans. Það nær til foreldra, barna, starfsfólks og nærumhverfisins	Nýta þau þemu sem eru skipulögð í leikskólanum og kenna börnunum hluti í kringum það til að styrkja greindir barnanna	Litlu laukarnir	Tala um tilfinningar, hvernig okkur líður
Tækifæri til umbóta	Að bæta vinnustaðamenningu, skapa góð samskipti og samstarf milli foreldra og starfsmanna.	Leggja inn ný orð fyrir börnin og ný lög, fönndra og skapa á mismunandi hátt.	Að börnin prófi ýmiskonar mat, snerti og finni lykt.	Að börnin beri virðingu fyrir hvort öðru. Vinátta og friður. Að flest börn þekki sínar tilfinningar
Aðgerðir til umbóta	Halda áfram með morgunverði með foreldrum en byrjum að hafa einu sinni í mánuði, byggja upp jákvætt samstarf og skoða nærsamfélagið.	Kennd eru orð tengd þema, fönndrað, sungið og lesnar bækur. Bók og lag vikunnar.	Tökum þátt í verkefninu litlir laukar, verkefni til að sporna við matvændni	Halda skráningar um hvernig börnunum líður og hvaða orð þau nota yfir tilfinningar sínar
Ábyrgð	Allir starfsmenn deildarinnar	Allir starfsmenn	Allir starfsmenn	Allir starfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	okt. '24 – maí '25	sept. '24 – júní '25	sept. '24 – maí '25	sept. '24 – maí '25
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Umræður á deildarfundi	Metið á deildarfundum, horft til stækkandi orðaforða	Umræður á deildarfundi, starfsdegi, mat lagt á í matartímum	Deildarfundum, að börn geti lagt orð á tilfinningar sínar.





Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Farið verður yfir lista yfir foreldra og þess gætt að allir foreldrar eigi góð og traust samskipti við einhvern starfsmann á deildinni.	Að börn tileinki sér ný orð og lærir ný lög	Að börn prófi ýmiskonar mat og sýni honum meiri áhuga	Að flest börn þekki tilfinningar sínar
--	---	---	---	--





Eldri Deildir – Laut og Bali				
Umbótapáttur/ matspáttur	Félagsfærni	Pátttaka barna	Umhverfi sem þriðji kennari	Samvinna eldri deilda
Tækifæri til umbóta	Efla samskipti og vellíðan barna.	Efla þátttöku barna í ákvarðanatöku og hönnun umhverfisins.	Efla námstækifæri barna.	Efla samskipti og samvinnu á milli starfsmanna á eldri deildum og í kjölfarið skapa fjölbreyttari námstækifæri fyrir börnin.
Aðgerðir til umbóta	Gefðu 10 Endurmeta hvernig unnið er með vináttuverkefnið „Blær“ í mismunandi aldurshópum.	Gefa börnum mismunandi hlutverk. Gera nám barnanna sýnilegra.	Hanna umhverfið þannig að það bjóði upp á fleiri og fjölbreyttari námsmöguleika. Auka opið efnivið á deildinni.	Hafa sameiginlega deildarfundir á starfsdögum. Árgangar saman í útinámi og íþróttum. Flæði á milli deilda + flæði í kaffitíma barna. Hópstjórar af báðum deildum komist í undirb. saman.
Ábyrgð	Allir starfsmenn deildarinnar.	Allir starfsmenn deildarinnar.	Allir starfsmenn deilda.	Deildarstjórar eldri deilda.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Sept. 2024 – Júní 2025	Sept. 2024 – Júní 2025	Sept. 2024 – Júní 2025	sept. 2024 – júní 2025
Hvenær og hvernig á að meta?	Á deildarfundum á þriggja mánaða fresti, í gegnum „Vanda Sig“ verkefnið.	Á deildarfundum.	Á sameiginlegum deildarfundum eldri deilda.	Á sameiginlegum deildarfundum eldri deilda.
Viðmið um árangur	Þegar starfsfólkið notar Gefðu 10 í 85% tilfella dagl. Þegar starfsfólk upplifir að börnin séu að nýta sér „Blær“ verkefnið í daglegu starfi.	Þegar starfsfólk upplifir að börnin séu örugg með að tjá hugmyndir sínar og hugsanir.	Þegar starfsfólkið upplifir að börnin séu að nýta sér námstækifæri sem umhverfið býður upp á.	Þegar starfsfólk upplifir skýr og góð samskipti við samstarfsmenn og þegar starfsfólk upplifir að samræmi sé á milli starfshátta á deildum.





10.2 Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun leikskólans Heiðarborgar heldur foreldrum vel út í starfi með því að veita upplýsingar um starfsemi og framvindu leikskólans. Forgangsröðun starfsáætlunar leikskóla er í samræmi við starfsáætlun síðasta árs. Starfsáætlunin felur einnig í sér tækifæri fyrir foreldra til að taka þátt í ýmsum uppákomum og starfsemi, svo sem morgunverði með börnum, dögum þar sem við höldum hátíðlegan konu- og bóndadag o.fl., sem gerir foreldrum kleift að taka þátt í lífi leikskólans og hafa innsýn í hvað börnin þeirra eru að gera. Við höfum engar athugasemdir varðandi starfsáætlunina og teljum að leikskólinn sé að þróast í rétta átt.

Fulltrúar í foreldraráði:

Marta Malgorzata Kancyr

Jónína Guðný Magnúsdóttir

Trausti Jónsson

F. h. leikskólans

Jóhanna **Benný** Hannesdóttir
Leikskólastjóri

17. 06. 2024
Dagsetning



